

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

---

*Fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins vegna Biodome (US190353)*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 06.11.2019 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

*Hvernig samræmist rúmlega 800 m<sup>2</sup> svæði fyrir verslunar- og veitingarekstur sem gert er ráð fyrir í húsnæði "Biodome" í drögum að deiliskipulagi ákvæðum Aðalskipulags Reykjavíkur.*

Svar: Deiliskipulag fyrir Stekkjarbakka Þ73 var samþykkt í borgarráði 4. júlí 2019 og tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda 25. nóvember 2019. Í þáverandi aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er um þróunarsvæði að ræða, þegar raskað svæði í jaðri útivistarsvæðisins í Elliðaárdal. Svæði fyrir starfsemi sem hentar í nálægð útivistarsvæðisins, tengist útivist, íþróttastarfsemi eða samfélagsþjónustu. Umfang mögulegra bygginga verði takmarkað og miðist við 1-2 hæðir að jafnaði frá botnplötu á aðkomuhæð. Möguleg byggð hafi sem minnst sjónræn áhrif frá Elliðaárdalnum. Einnig er heimilt að gera ráð fyrir "grænni starfsemi", ræktun og gróðrarstöð. Umrætt svæði er þegar raskað að hluta og er talið að uppbygging á svæðinu hafi óveruleg áhrif á útivistargildi Elliðaárdalsins.

Umrædd bygging Biodome er skilgreind á um 12 þ fm lóð og er hámarks byggingarmagn skilgreint 4500. Lóðinni hefur ekki enn verið formlega úthlutað og engin uppbygging þar af leiðandi hafin. Sú rekstareining sem Biodome áætlaði á lóðinni og umræddum gróðurhvelvingum skv. skipulagi er talin vera í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi um starfsemi og landnotkun

f.h. skipulagsfulltrúa  
Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt